

Samningur

**mennta- og menningarmálaráðuneytis
við Síldarminjasafn Íslands ses.
um ráðstöfun styrktar-/rekstrarframlags í fjárlögum**

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Síldarminjasafn Íslands ses., kt. 661006-1530, í samningi þessum nefnt Síldarminjasafnið, gera með sér svofelldan samning:

1. Markmið og starfsemi

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum eru að:

- Styðja við söfnun, varðveislu og skráningu muna og minja sem hafa gildi fyrir sögu síldarútvegs og síldarvinnslu á Íslandi,
- miðla upplýsingum um sögu síldveiða og síldarvinnslu hér á landi með faglegum hætti,
- stuðla að samstarfs- og rannsóknarverkefnum um síldveiðar og síldarvinnslu hér á landi, með sérstaka áherslu á fræðslu fyrir nemendur á öllum skólastigum sem og almenning,
- standa vörð um forna þekkingu á smíði opinna tréskipa hér á landi.


1.2. Vinna skal að ofangreindum markmiðum m.a. með eftirfarandi hætti:

- Síldarminjasafnið skal hafa húsnaði sitt á Siglufirði opið fyrir almenningi,
- Síldarminjasafnið skal veita gestum, innlendum sem erlendum, leiðsögn og fræðslu með því að standa fyrir sýningum og viðburðum er snúa að síldveiðum og sögu þeirra,
- Síldarminjasafnið skal standa fyrir námskeiðum og fræðslu um íslenska bátasmíði í samstarfi við önnur söfn og menningarstofnanir,
- Síldarminjasafnið skal gefa út kynningarefnni og fræðsluefnni um starfsemi sína eftir því sem við á,
- Síldarminjasafnið skal halda úti góðri vefsíðu þar sem birtar eru upplýsingar um starfsemi þess, sýningar, safnmuni, viðburði, rannsóknir og fræðsluefnir um verksefni safnsins, auk upplýsinga um rekstur, starfsfólk, eigendur, skipulagsskrá og annað efni sem snertir verksvið safnsins.

2. Forsendur samnings og lagaheimildir

2.1. Framlag ríkisins til samnings þessa er ákveðið í fjárlögum hvers árs og er það 10,4 m.kr. árið 2013.

- 2.1.1. Ráðuneytið annast samskipti aðila vegna samningsins við fjármála- og efnahagsráðuneyti, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins, og við Alþingi. Það mun leggja til við fjálagagerð að árlegt framlag til samningsins út samningstímann verði í samræmi við gr. 2.1. með fyrirvara um að Síldarminjasafnið standi við skuldbindingar sínar. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhalðsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á Síldarminjasafnið ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður.



- 2.2. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins í fjárlögum taka aðilar upp viðræður um aðlögun rekstrarins að breyttri fjárveitingu.
- 2.3. Síldarminjasafnið starfar samkvæmt skipulagsskrá sem var samþykkt 1. janúar 2006.
- 2.4. Síldarminjasafnið starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins.

3. Ábyrgð

- 3.1. Síldarminjasafnið ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Síldarminjasafnið skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.2. Síldarminjasafnið ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.3. Síldarminjasafnið er óheimilt að:
 - 3.3.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
 - 3.3.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

4. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála

- 4.1. Ráðuneytið greiðir árlegt framlag í tólf jöfnum hlutum fyrsta dag hvers mánaðar. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka Síldarminjasafnsins.
- 4.2. Síldarminjasafnið skilar ráðuneytinu:
 - 4.2.1. Áætlun um rekstur og sjóðsstreymi ásamt starfsætlun, þar sem fram komi m.a. hvernig er áætlað að ráðstafa framlaginu og helstu starfsmarkmið sem unnið verður að fyrir lok janúar ár hvert.
 - 4.2.2. Endurskoðaðan ársreikning ársins á undan með skýringum, fyrir lok júní ár hvert og skal afrit jafnframt sent Ríkisendurskoðun.
- 4.3. Eigi Síldarminjasafnið í viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda þess, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.

5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna verkefna

- 5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2. Fulltrúar ráðuneytis og Síldarminjasafnsins funda að lágmarki árlega um samninginn.
- 5.3. Fyrir lok júní ár hvert skilar Síldarminjasafnið ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins þar sem fram komi meðal annars hver staða verkefna er og hvernig framlagi var ráðstafað í samanburði við áætlun.
- 5.4. Síldarminjasafnið skilar ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.
- 5.5. Síldarminjasafnið veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.
- 5.6. Samning þennan, ársreikning Síldarminjasafnsins, greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á vef Síldarminjasafnsins jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.

KJPK

5.7. Síldarminjasafnið setur á vefsíðu sína ýmis gögn sem eru efnislegar afurðir starfsemi hans, svo sem skýrslur, leiðbeiningar og áætlanir.

6. Vanefndir og meðferð ágreinings


- 6.1. Síldarminjasafnið tilkynnir ráðuneytinu tafarlaus ef talinn er vafi leika á að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt er greint frá úrræðum sem það hyggst grípa til.
- 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli Síldarminjasafnið ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2015.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Óski annar hvor samningsaðila að semja um áframhald eftir að gildistími samningsins lýkur skal hann koma því á framfæri fyrir lok febrúar það ár sem samningurinn rennur út.
- 7.4. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 7.5. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

Reykjavík, 10. janúar 2013.


F.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis


F.h. Síldarminjasafnsins ses.